

125

31. des.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 52 8. sept. 1931 [Útflutningsgjald af síld o. fl.].

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Aftan við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Á sama hátt má endurgreiða innflutningstoll af sykri, sem notaður er við verkun þorskhrogna (gotu) til útflutnings, enda sé sannað með vottorði fiskimatsmanns, um hve mikið sykurmagn sé að ræða.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 31. desember 1935.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

126

31. des.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 73 29. des. 1934, um breyting á 1. gr. tolllaga.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

1. gr. 7. b. í lögum nr. 73 29. desember 1934 hljóði svo:
Af vindlingum (sigarettum) kr. 20.80 af hverju kg.

2. gr.

126

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1936, og gilda svo lengi sem rikiseinkasala er á tóbaki. 31. des.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 31. desember 1935.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

L Ö G

127

31. des.

um breyting á lögum nr. 50 31. maí 1927, um gjald af innlendum tollvörutegundum.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

Aftan við 4. gr. laganna bætist:

Þær innlendar tollvörutegundir, sem fluttar eru til útlanda, til sölu þar, skulu þó undanþegnar að öllu leyti því gjaldi, sem lög þessi ákveða.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 31. desember 1935

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.